

Festun burðarlags vega. Þorbjörg Sævarsdóttir og Bergþóra Kristinsdóttir, EFLA, Jón Magnússon, Vegagerðin – október 2019.

Allt fá árinu 2015 hefur rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkt verkefni þar sem styrkingarmöguleikar burðarlags í vegum eru skoðaðir. Áður hafa komið út þrjá áfangaskýrslur undir heitinu „Styrkingarmöguleikar burðarlags í vegum“ (í mars 2016, júní 2017 og mars 2018) og eru þær allar á vef Vegagerðarinnar.

Í þessari lokaskýrslu eru helstu atriði úr fyrri skýrslum tekin saman og er skýrslunni ætlað að vera nokkurs konar leiðbeiningarit vegna festunar burðalags vega.

Fram kemur að þegar velja á aðferð við styrkingu vega, er mikilvægt að finna hvaða ástæður eru fyrir niðurbroti í hverju tilviki. Ekki dugir að styrkja burðarlag ef skemmdir eru vegna frostlyftinga eða hjólfara sem stafa af nagladekkjaumferð svo dæmi séu tekin. Talin eru upp ýmis atriði sem rétt er að skoða í hvert sinn auk prófunaraðferða og útreikninga sem grípa má til. Í töflu eru taldar upp 17 aðferðir til styrkingar fyrir mismunandi aðstæður, sem norska Vegagerðin styðst við.

Fjallað er sérstaklega um styrkingu með sementi og biki úti í vegi (frásun og festun). Sagt er frá hvernig sementsbundið burðarlag er hannað, þar sem magn sements og heppilegasta rakastig í blöndunni er ákvarðað og fjallað er um framkvæmdina sjálfa. Fram kemur að ýmsar aðferðir hafa verið prófaðar við bikfestun, en helst hefur annað hvort bikþeyta eða froðubik verði notað við frásun og festun í vegi. Sagt er frá því hvernig hanna á bikfest burðarlög hvað varðar ákvörðun á bikmagni og fjallað er um framkvæmd bikfestunar í vegi.

Í samantektarkafla skýrslunnar er m.a. bent á að nauðsynlegt sé að auka notkun staðbundinna efna og endurvinnslu núverandi efna í vegagerð til dæmis með einhvers konar styrkingu. Það mun draga úr kostnaði án þessa að draga úr kröfum um frammistöðu.